

Lög foreldrafélags leikskólans Laufáss

1 gr. Félagið heitir Foreldrafélag Laufáss

2 gr. Félagar eru foreldrar eða forráðamenn barna á leikskólanum Laufási

3 gr. Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna með því m.a. að vinna:

- + að aukinni samvinnu foreldra og starfsfólks.
- + að því að auka samvinnu foreldra innbyggðis um starfsemi og aðbúnað leikskólans.
- + að því að leggja hagsmunum barna lið bæði innan leikskólans og út á við.

4 gr. Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi.

- + Gjaldið rennur í sjóð sem stendur straum af kostnaði við starfsemi félagsins. Gjaldið greiðist einu sinni á ári 3000 kr á fyrsta barn svo 2000 fyrir þau sem koma á eftir.
- + Innheimt verður af innheimtuþjónustu bankanna og innheimtukostnaður leggst við árgjaldið.

5 gr. Kosning til stjórnar skal fara fram á aðalfundi. Að auki situr Leikskólastjóri fundi fyrir hönd leikskólans.

6 gr. Félagsmenn skulu móta leiðir að markmiðum félagsins á aðalfundi. Bókfæra skal allar ákvarðanir.

7 gr. Stjórn félagsins hefur forgöngu um alla vinnu við starfsemi þess. Val verkefna og vinnu stjórnarmanna og annarra félagsmanna skal vera innan ramma markmiða félagsins og að því marki sem ákarðana aðalfundar nýtur við, skal eftir þeim starfað. Stjórnin kemur svo oft saman sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

8 gr. Aðalfund skal halda á tímabilinu 15 sept. til 1 nóv. ár hvert og skal boða til hans með auglýsingu með minnst viku fyrirvara.

9 gr. Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn skriflega í síðasta lagi þrem dögum fyrir auglýstan fund. Lagabreytinga ná því aðeins fram að ganga að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði.

10 gr. Fundir stjórnar eru opnir öllum félagsmönnum.

Reglur þessar voru samþykktar á aðalfundi 25. september 2008

f.h. Stjórnar foreldrafélagsins

Mary Karlsdóttir formaður.